



Leikskólinn Hulduheimar

Starfsáætlun skólaárið 2026-2027



Efnisyfirlit

Um skólann	3
Öryggismál	3
Faglegar áherslur-stefna skólans	4
Mat og umbætur	5
Foreldrasamstarf	5
Samstarf við grenndarsamfélag.....	6
Helstu verkefni skólaársins.....	7
Farsæld nemenda	8

Um skólann

Leikskólinn Hulduheimar opnaði 14. nóvember 2006. Í Hulduheimum geta 120 börn dvalið samtímis á 6 deildum. Við skólann starfa tæplega 40 starfsmenn í mismunandi stöðuhlutföllum.

Opnunartími leikskólans: Mán- fös: 7:45-16:15 en á föstudögum er skráningartími frá kl 14.

Leikskólinn er rekinn af sveitarfélaginu Árborg og heyrir undir fjölskyldusvið.

Stjórnendateymi leikskólans er leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri og sex deildarstjórar. Leikskólastjóri er Kristrún Hafliðadóttir. Leikskólinn vinnur samkvæmt lögum og reglugerðum um leikskólastarf og byggir innra starf á Aðalnámskrá leikskóla og Menntastefnu Árborgar.

Skóladagatal 2026-2027 má sjá [hér](#).

Öryggismál

Í Hulduheimum starfar öryggisteymi sem samanstendur af öryggisverði (aðstoðarleikskólastjóri) og öryggistrúnaðarmanni (leikskólakennari). Öryggisteymið sér um að gera áhættumat fyrir vinnustaðinn og sjá til þess að öryggisreglum og vinnuvernd fyrir starfsfólk sé fylgt. Teymið sér einnig um (ásamt leikskólastjóra) að stuðlað sé að öryggi barna í leikskólanum en þar er stuðst er við [Handbók um velferð og öryggi barna í leikskólum](#).

Í starfsmannahandbók er sérstakur kafli um öryggismál þar sem má sjá allt sem lítur að öryggismálum.

Dagleg lóðarskoðun fer fram þar sem rusl er hreinsað af lóðinni og eins er kannað hvort einhverjar skemmdir hafa orðið á lóð, húsnæði eða leiktækjum. Deildar skiptast á um þessa skoðun og skráningar eru gerðar.

Úttekt á lóð og húsnæði leikskólans er gerð reglulega af opinberum aðilum og eftir slíkar úttektir er úrbótum fylgt eftir af sveitarfélaginu Árborg og leikskólastjóra.

Slökkviliðið heimsækir elstu börn á hverju skólaári til að fræða börn um brunavarnir.

[Samskiptasáttmáli Hulduheima](#) var gerður til að stuðla að betra félagslegu og andlegu vinnumhverfi fyrir alla aðila innan skólasamfélagsins.

Stjórnendateymið myndar áfallateymi sem fundar þegar á þarf að halda og er þá stuðst við sameiginlega áfalla- og slysaáætlun leikskóla Árborgar.

Slysaskráningar eru gerðar ef börn eða starfsfólk verða fyrir áverkum.

Ýmsar áætlanir og öryggisþættir sem er yfirfarið reglulega:

- Áfalla- og slysaáætlun sem finna má [hér](#).
- Rýmingaráætlun má finna [hér](#).
- EKKO stefna má finna [hér](#).
- Jafnréttisáætlun má finna [hér](#).
- Öryggisreglur byggðar á áhættumati má sjá [hér](#)
- Verklagsáætlun vegna fæðuofnæmis/ ópols má sjá [hér](#)
- Viðbrögð við jarðskjálfta má sjá [hér](#)
- Viðbrögð við slysum má sjá [hér](#)

Faglegar áherslur-stefna skólans

Einkunnarorð leikskólans eru Virðing- lýðræði- samfélag.

Leikskólinn starfar í ljósi hugmyndafræði John Dewey en grunnhugmyndir uppeldisstefnu hans byggjast á því að börn læra með því að framkvæma sjálf og mynda með því eigin reynslu. Í áframhaldandi námi byggja þau ofan á reynslu sína. Börn eru hvött til að prófa sig áfram í ýmsum aðstæðum, efla sjálfshjálp og finna sín mörk allt eftir aldri og þroska. Einnig er lögð áhersla á að efla félagsfærni barna. Hulduheimar vinnur með verkefnið [Vinátta](#) sem felst í því að fyrirbyggja einelti með því að móta góðan skólabrag, eiga góð samskipti, efla félagsfærni og hafa jákvæð viðhorf til allra í hópnum. Einnig er markviss [ART kennsla](#) með elstu börnum leikskólans.

Megin kennsluaðferð leikskólans er könnunaraðferðin (e.project approach). Það er námsaðferð sem er notuð með börnum frá 3 ára aldri en tilgangur hennar er að skoða viðfangsefni ofan í kjölinn. Viðfangsefnin ráðast af áhuga barnanna og þeim þekkingarheimi sem þau búa við. Börnin víkka út þekkingu og reynslu sína með umræðum og rannsóknum. Hlutverk kennarans er að styðja við börnin í þekkingarleitinni, efla félagshæfni þeirra og tengja námið saman við námssvið leikskólans (skv. Aðalnámskrá). Börn yngri en 3 ára eru einnig hvött til rannsóknarnáms og er þar könnunarleikur vinsæll en þá fá börnin að vinna með og kanna ólíkan efnivið.

Símenntun starfsmanna fer að mestu fram á skipulagsdögum eða starfsmannafundum leikskólans, fræðsludegi fjölskyldusviðs, haustþingi 8.deildar FL sem og í námskeiðum sem starfsmenn óska sérstaklega eftir að sækja. Stjórnendur Hulduheima hafa reglulega sent starfsfólk á réttindanámskeið í ART og einnig hafa nokkrir farið á réttindanámskeið í *Uppeldi sem virkar- færni til framtíðar*.

Starfsfólk Hulduheima tekur iðulega að sér háskólanema í leiðsögn í samstarfi við HÍ og HA. Starfsfólk er einnig hvatt til að fara í nám og hafa árlega verið nokkrir í leikskólaliða- eða kennaranámi. Símenntunaráætlun skólaársins má sjá [hér](#).

Mat og umbætur

Tilgangur mats á leikskólastarfi er að tryggja að réttindi leikskólabarna séu virt og þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum um leikskóla.

Ytra mat er framkvæmt af aðilum utan leikskólans sem hafa með menntamál að gera og þá í umboði sveitarfélags eða á vegum Mennta- og barnamálaráðuneytis.

Í 18. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 er kveðið á um að hver leikskóli skuli meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfsins og er það kallað innra mat. Matið á að veita upplýsingar um starfshætti leikskólans, stuðla að umbótum, auknum gæðum og þar með skólabróun. Sveitafélög eiga að fylgja innra matinu eftir þannig að það leiði til umbóta í skólastarfi skv. 19. gr. laganna.

Leikskólar Árborgar hafa tekið í notkun matskerfi sem byggir á aðgerða- og gæðahandbók og gera sér sameiginlega langtímaáætlun um innra mat.

Gæðamatsteymi Hulduheima hefur umsjón með innra mati leikskólans. Í því felst að afla gagna og fylla í gæðaprófil með tilliti til gæðaviðmiða. Ýmis gögn eru nýtt við matið s.s fundargerðir, matslistar, niðurstöður úr skoðanakönnunum og margt fleira. Matsteymið gerir matsáætlun fyrir hvert skólaár sem byggist á langtímaáætlun leikskólanna og umbótaáætlun sem fylgir niðurstöðum innra mats skýrslu síðasta skólaárs.

Stjórnendur leikskólans bera ábyrgð á því að innra matið leiði til umbóta, allt eftir áherslum leikskólans.

Matsáætlun skólaársins og langtímaáætlun um innra mat má sjá [hér](#)

Foreldrasamstarf

Við leikskólann er starfandi foreldraráð og foreldrafélag.

Foreldraráð hefur það hlutverk að fylgjast með og gefa umsagnir til leikskóla um skólanámskrá, starfsáætlun og aðrar stærri áætlanir er varða starfsemi leikskólans.

Stjórn foreldrafélagsins sér um að stuðla að góðum skólaanda með því að standa fyrir skemmtilegum upþákomum og viðburðum fyrir börnin með eða án foreldra og að efla

tengslin í skólasamfélaginu. Foreldrafélagið getur líka staðið fyrir umræðu- og fræðslufundum fyrir foreldra um uppeldis- og leikskólamál.

Foreldrar nýrra nemenda eru boðaðir í viðtöl við deildarstjóra áður en aðlögun hefst þar sem grunnur er lagður að samvinnu milli heimilis og skóla. Boðið er upp á uppeldisnámskeið fyrir foreldra barna sem byrja á yngstu deildum.

Foreldraviðtöl eru tekin tvisvar sinnum yfir árið (eitt á hvorri önn) og er þá miðað við að upplýsingar /niðurstöður úr TRAS, HLJÓM- 2 og Orðaskil séu sem nýjastar. Teymisfundir vegna barna sem þurfa sérstakt utanumhald eru haldir reglulega yfir skólaárið eins og þurfa þykir.

Lögð er áhersla á að bjóða foreldrum í heimsókn í leikskólann að minnsta kosti einu sinni á hvorri önn. Foreldrum er einnig boðið á sumarhátíð leikskólans en foreldrafélagið sér um skipulagningu í samráði við leikskólastjóra. Foreldrum elstu barna er boðið á útskrift að vori.

Almennt upplýsingaflæði til foreldra fer að mestu fram í tölvupósti í gegnum Völu, á facebooksíðum deildanna eða á skilaboðatöflum við hverja deild. En að sjálfsögðu eru dagleg samskipti milli foreldra og starfsfólk mjög mikilvæg til að efla traust og góða samvinnu.

Á heimasíðu leikskólans má lesa nánar um [áherslur í foreldrasamstarfi](#), starfsemi foreldraráðs og foreldrafélags.

Samstarf við grenndarsamfélag

Leikskólinn tengist hinum ýmsu stofnunum í samfélaginu og mikil áhersla er lögð á það að stofnanir á fjölskyldusviði vinni saman, hafi samráð um verklag og stefni að því að hlúa að farsæld barna. Þegar verið er að innleiða ný verkefni sem varða alla skóla og frístund hafa verið stofnuð teymi þar sem fulltrúar allra stofnana sitja í.

Fastir samráðshópar þar sem Hulduheimar eiga sinn fulltrúa:

- Faghópur leik- og grunnskóla heldur utan um það verkefni að brúa bilið milli skólastiga.
- Stýrihópur sem skipuleggur fræðsludag Árborgar í ágúst.
- Fjölmenningateymi sem vinnur undir handleiðslu verkefnisstjóra fjölmenningar að eflingu faglegs starfs með börn og fjölskyldur með fjölmenningarlegan bakgrunn.

- Leikskólastjórar í Árborg hittast hálfsmánaðarlega en aðstoðarleikskólastjórar og sérkennslustjórar mánaðarlega.
- Stjórnendum stofnana í Árborg er reglulega boðið upp á fræðslu og umræður yfir til þess að efla lærdómssamfélagið.

Samstarf við fjölskyldusvið Árborgar, Skólapjónustu og Velferðarpjónustu Árborgar

- Lausnarþeymisfundir- leikskólaráðgjafar funda með sérkennslustjóra og aðstoðarleikskólastjóra á 6-8 vikna fresti og ræða mál einstakra barna en fulltrúi heilsugæslu situr einnig þessa fundi með hjálp fjarfundarbúnaðar. Til að taka fyrir mál á þessum fundum þarf samþykki foreldra og sérkennslustjóri sendir inn formlega beiðni.

Samstarf við aðrar stofnanir

- Starfsfólk Hulduheima er opið fyrir samstarfi við stofnanir í grenndarsamfélaginu og hafa til að mynda hópar af eldri deildum farið að syngja fyrir eldri borgara og einnig höfum við fengið grunnskólanemendur í heimsókn til að syngja eða lesa fyrir börnin.
- Bókasafnið stendur oft fyrir menningarverkefnum sem leikskólar taka þátt í.
- Leikskólinn hefur verið í samstarfi við Birtu starfsendurhæfingu um taka fólk inn í vinnuprúfur.
- Slökkviliðið heimsækir elstu börn á hverju skólaári
- Elstu börn fara í heimsókn í Selfosskirkju í desember
- Nemendur í uppeldisfræði í FSU hafa verið velkomnir til að kynna sér leikskólastarfið
- Leikskólinn hefur tekið á móti 10.bekkingum grunnskóla í starfskynningar sé þess óskað

Helstu verkefni skólaársins

- Hafa enn meira gaman í Hulduheimum
- Gefa út og kynna uppfærða skólanámskrá
- Halda áfram innleiðingu Vináttu, Samskiptasáttmála og læssisstefnu Hulduheima
- Halda áfram að efla tengsl í nærsamfélaginu og efla með því samfélagsþáttinn í markmiðum okkar.
- Efla útinám enn frekar.
- Efla frjálsa leikinn enn frekar.

Farsæld nemenda

Samkvæmt lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna felur farsæld barna í sér að tryggja aðstæður sem skapa barni skilyrði til að ná líkamlegum, sálrænum, vitsmunalegum, siðferðilegum og félagslegum þroska og heilsu á eigin forsendum til framtíðar. Sérkennslustjóri er tengiliður farsældar og heldur utan um snemmtæka íhutun og málefni barna með sérstuðning. Þegar á þarf að halda eru teymi mynduð utan um þá einstaklinga sem þurfa á sértækri námsaðstoð að halda. Í Hulduheimum er lögð áhersla á að öll starfsemi miði að vellíðan og farsæld allra barna. Það er m.a. gert með þessum hætti:

- Einstaklingsmiðað nám- unnið er með hvern nemenda þar sem þeir eru staddir. Hugað að undirstöðuatriðum eins og hreyfingu, næringu og svefni.
- Agastefna- áætlun um samræmd viðbrögð við hegðun. Áhersla á að fyrirbyggja erfiða hegðun með því að huga að grunnþörfum, gefa börnum val, gefa skýr skilaboð og huga að markvissri félagsfærniþjálfun.
- Félagsfærniþjálfun s.s. Vinátta, ART, Bína bálreiða, félagsfærnisögur.
- Skráningar og mat á þroska barna s.s. TRAS, Orðaskil, HLJÓM-2.
- Samskiptasáttmáli Hulduheima nær utan um allt skólasamfélagið.
- Snemmtæk íhlutun. Á lausnarleitarfundum geta deildarstjórar borið upp áhyggjur eða vangaveltur varðandi einstaka börn hvort sem það kemur frá starfsfólki eða foreldrum og þar eru fundin úrræði sem unnið er með áður en tekin er ákvörðun um að vísa málinu lengra. Á lausnaleitarfundum eru deildarstjórar, sérkennslustjóri og aðstoðarleikskólastjóri. Ef þroska- og/eða iðjuþjálfari er í starfsmannahópnum hafa þeir einnig setið þessa fundi.
- Stuðst er við [handbók](#) um fjölmennningarlega menntun í Sveitarfélaginu Árborg í vinnu með börn og fjölskyldur með fjölmennningarlegan bakgrunn.
- Unnið er að því að auka lýðræðislega starfshætti.
- Börnum eru kynnt réttindi sín með markvissri fræðslu um Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.
- Leggjum áherslu á nálægð kennara í leik barna og innleiðingu leikskráninga til að fylgjast betur með vellíðan og þroska barnanna.
- Allt starfsfólk hlustar á rafrænan [fyrirlestur BOFS](#) um kynferðisofbeldi og kynferðislega hegðun barna og unglunga.

Frekari upplýsingar um farsæld barna er á [heimasíðu leikskólans](#)